

Fundur atvinnumálanefndar nr. 71 þann 18. mars 2008, kl. 17:00.

Mætt eru Ólafur Guðmundsson, formaður, Magnús Bæringsson, Berglind Þorbergsdóttir, Þorgrímur Vilbergsson og Þórður Magnússon.

1. Ályktanir um atvinnumál.

Ályktun varðandi eflingu St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi

Í ljósi breyttar eignaraðildar að húsnæði spítalans sem St. Franciskusreglan seldi ríkinu eftir að Leikskóli Stykkishólms flutti í nýtt húsnæði, vill atvinnumálanefnd skora á stjórnvöld að efla beri bakdeildina og tryggja rekstur hennar. Biðlisti á bakdeildina telur um 200 manns sem er sá fjöldi sem árlega fer í gegnum hana. Starfsemi deildarinnar byggir að miklu leyti á starfi og þekkingu eins læknis. Efling þessarar deildar er mikilvæg auk þess sem hún hefur mikið forvarnargildi. Jafnframt bendir nefndin á að nýta mætti betur þá það húsnæði sem eru til staðar á spítalanum og jafnvel stendur autt. Þá hvetur nefndin stjórnvöld til að íhuga hvort ekki geti hentað að færa þangað nýja starfsemi eða verkefni á sviði heilsugæslu og sjúkrahúspjónustu.

Ályktun þessi er samþykkt samhljóða.

Ályktun varðandi ferjusiglingar yfir Breiðafjörð.

Á síðasta ári var styrkur til ferjusiglinga skorinn niður um 17 milljónir króna og á þessu ári verður niðurskurðurinn væntanlega 13 – 14 milljónir. Á næsta ári er áætlað að skera niður um 16 milljónir. Árið 2010 fellur allur stuðningur af ríkisins hálfu niður en eftir stendur þó stuðningur við samgöngur til Flateyjar og mun þá væntanlega annað og mun minna skip verða notað til þeirra siglinga. Nefndin hefur verulegar áhyggjur af afleiðingunum fyrir atvinnulíf í Stykkishólmi þegar styrkurinn fellur niður árið 2010. Starfsmenn á Breiðafjarðarferjunni Baldri eru 10 talsins og afleidd störf hjá Sæferðum eru um 2 talsins. Forsvarsmenn Sæferða telja að 7-8 störf hverfi ef ferjusiglingar leggjast af. Aðrar afleiðingar eru þær helstar að hafnarsjóður verður af tekjum sem er ekki á bætandi því nú þegar er hann rekinn með halla. Útsvarstekjur munu dragast saman sem þessu nemur auk þess að aðrir hafa óbeinar tekjur af ferjusiglingum s.s. iðnaðarmenn, verslunarmenn og ferðaþjónustan. Í því ljósi bendir nefndin á að um 44 þúsund farþegar, 11.440 fólksbílar og 1.530 vöruflutningabílar fóru með ferjunni á síðasta ári.

Atvinnumálanefnd telur að ef af þessu verður þá verður þetta þriðja áfallið á stuttum tíma sem sveitarfélagið verður fyrir. Árið 2003 hrundi skelfiskstofninn og nú á síðasta ári var kvóti skorinn niður um 33%. Það liggur fyrir að fiskvinnslur hér verða að segja upp starfsmönnum af þessum sökum.

Íbúum hefur fækkað í sveitarfélaginu undanfarin ár. Síðustu 10 ár hefur íbúum fækkað um 11,19 % þ.e. frá árinu 1998. Fækkunin frá árinu 2003 vegur hvað þyngst en það ár hrundi skelfiskstofninn. Fækkun íbúa frá þeim tíma er 10,18%.

Atvinnumálanefnd hvetur stjórnvöld til að halda áfram að styðja við ferjurekstur yfir Breiðafjörð.

Ályktun þessi er samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

Þorgrímur spyr um hvort eitthvað sé í gangi varðandi nýtingu heitavatnsins. Magnús fór yfir það verkefni sem Gyða Steinsdóttir og Íris Sigurbjörnsdóttir hafa verið að vinna í vetur varðandi heilsuklasa í Stykkishólmi, þar sem farið verður inn á nýtingu heitavatnsins.

Þorgrímur spyr hvernig framtíðin líti út næstu 2 árin.
Rætt um stöðu fiskvinnslunnar og nýbyggingar.

Þórður greinir frá því að Ásmegin muni loka í apríl og þar með hverfi 4 störf.

Þjónustuíbúðir, rætt um að halda fund eða litla ráðstefnu þar sem farið yrði yfir þá möguleika sem eru í stöðinni varðandi. Magnús ætlar að vera í sambandi atvinnuráðgjöf Vesturlands.

Þorgrímur viðrar þann möguleika á að Stykkishólmsbær eigi húsnæði þar sem ný fyrirtæki gætu hafið starfsemi í takmarkaðan tíma til að liðka fyrir því að ný starfsemi sé sett á laggirnar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30.